

Aðalskipulag Kópavogs 2012-2024

Breyting á aðalskipulagi

Vatnsvernd

Lýsing á skipulagsverkefni

Lögð fram sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Efnisyfirlit

1. Inngangur	2
2. Núgildandi stefna	2
3. Tengsl við aðrar áætlanir	3
4. Breytingar	4
4.1. Forsendur og markmið	4
4.2. Skilgreining á vatnsvernd og vatnsverndarmörkum.....	4
5. Umhverfisáhrif.....	5
9. Samráð og kynning	6
10. Tímaferill	6

Mynd 2-1. Hluti af sveitarfélagsuppdrætti Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 sem sýnir brunnsvæðið í Vatnsendakrika ásamt grann- og fjarsvæði vatnsverndar.....	3
Mynd 3-1. Afmörkun vatnsverndar á Höfuðborgarsvæðinu skv. samþykkt um um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar.	5

1. Inngangur

Kópavogsbær undirbýr um þessar mundir breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024. Um er að ræða þriðju breytingu frá staðfestingu þess 24. febrúar 2014. Lögð er hér fram lýsing á skipulagsverkefni en tilgangur hennar er m.a. að tryggja að almenningur og hagsmunaaðilar komi að skipulagsferlinu á fyrstu stigum og að gera skipulagsvinnuna gagnsærri og markvissari.

Breytingin er tilkomin vegna ósamræmis við Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins sem tók gildi 14. júlí 2015. Ljóst var við gerð aðalskipulags Kópavogs að gera þyrfti ákveðnar breytingar á því þegar svæðisskipulagið myndi taka gildi þar sem ekki lágu fyrir endanlegar ákvarðanir varðandi einstök atriði fyrir gildistöku aðalskipulags Kópavogs. Aðalskipulag Kópavogs er í öllum meginatriðum samstíga nýju svæðisskipulagi en uppfæra þarf atriði eins og línu um afmörkun vatnsverndar en fjallað er um fyrirhugaðar breytingar í kafla 3.

2. Núgildandi stefna

Samkvæmt Aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024 eru vatnsverndarsvæði skilgreind í Vatnsendakrikum en þar er vatnsból Kópavogsbúa og er það svæði skilgreint sem brunnsvæði og grannsvæði út frá því. Allt landsvæði nyrðri og syðri landgeiranna er skilgreint sem annað hvort grann- eða fjarsvæði. Byggð í þingum, Hvörfum og fyrirhuguð byggð í Vatnsendahlíð eru á skilgreindu fjarsvæði vatnsverndar en um fjarsvæði gilda ákveðnar reglur sem fara skal eftir þegar framkvæmdir eru fyrirhugaðar. Svæðið sunnan Vatnsvíkur og Vatnsendaheiðin að lögsögumörkum Reykjavíkur og Garðabæjar eru innan grannsvæðis vatnsverndar, en ekki er heimilt að byggja á grannsvæðum vatnsverndar. Allar framkvæmdir innan vatnsverndarsvæðis eru háðar samþykki heilbrigðiseftirlitsins.


Eftirfarandi markmið og leiðir eru sett fram í Aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024:

MARKMIÐ

- Tryggja nægt neysluvatn og gæði þess í lögsögu Kópavogs svo ekki verði þörf á meðhöndlun neysluvatns í framtíðinni.
- Koma í veg fyrir alla röskun á verndarsvæðum vatnsbóla sem getur haft í för með sér óafturkræfar afleiðingar.

LEIÐIR

- Innan vatnsverndarsvæða verði komið í veg fyrir óæskileg áhrif af völdum athafna, starfsemi og umsvifa.
- Unnið verði áfram að grunnvatnsrannsóknum í lögsögu bæjarins.



Mynd 2-1. Hluti af sveitarfélagsupprætti Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 sem sýnir brunnsvæðið í Vatnsendakrika ásamt grann- og fjarsvæði vatnsverndar.

3. Tengsl við aðrar áætlanir

Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2040

Ein af ástæðum breytingar á aðalskipulagi Kópavogs er ósamræmi við Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2040 í ákveðnum atriðum. Fyrirhuguð breyting samræmist meginmarkmiðum svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins. Í Svæðisskipulagi Höfuðborgarsvæðisins eru sett fram eftirfarandi markmið um vatnsvernd, markmið 4.4:

Á höfuðborgarsvæðinu verði ávallt nægt framboð að hreinu ómeðhöndluðu drykkjarvatni með markvissri vernd vatnsbóla og aukinni samræmingu við nýtingu auðlindarinnar.

Breytingin kallar ekki á breytingu á aðalskipulögum nágrennasveitarfélaga en mögulega á breytingar á gildandi deiliskipulögum.

Vatnverndarsamþykkt

Vatnsverndarsamþykkt um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar var samþykkt 19. júní 2015. Samþykktin gildir um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma

Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar eins og þau eru ákveðin af heilbrigðisnefndum í samræmi við 9. gr. reglugerðar nr. 536/2001 um neysluvatn. Skipting vatnsverndarsvæða fer samkvæmt reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, með síðari breytingum. Ákvæði samþykktarinnar um brunn- og grannsvæði gildir ekki um einkavatnsból og vatnsból fyrir staðbundna starfsemi, en önnur ákvæði samþykktarinnar, svo sem er varðar starfsleyfisskyldu framkvæmdar og ákvæði er varða varnir gegn mengun vatns gilda um þau eftir því sem við á.

Markmið samþykktarinnar er að tryggja verndun grunnvatns vatnsverndarsvæða höfuðborgarsvæðisins þannig að gæði neysluvatns á vatnstökustað uppfylli ávallt kröfur sem gerðar eru í gildandi löggjöf. Þannig er stuðlað að hámarkshollustu og gæðum ómeðhöndlaðs neysluvatns á höfuð- borgarsvæðinu til framtíðar með því að koma í veg fyrir óæskileg áhrif af völdum athafna, starfsemi og umsvifa á vatnsverndarsvæðum vatnsbóla á svæðinu. Verndun er byggð á afmörkun svæðis, stjórnun, eftirliti, vöktun, samvinnu sveitarfélaga og upplýsingagjöf.

4. Breytingar


4.1. Forsendur og markmið

Meginmarkmið breytingarinnar er að gæta samræmis við nýsamþykkt svæðisskipulag og var gerð samþykkt í kjölfarið sem tók gildi 19. júní 2015. Ný samþykkt gerði það að verkum að breytingar urðu á afmörkun vatnsverndar við þéttbýlið í Kópavogi og í upplandinu eins og fram kemur í kafla 3.2.

4.2. Skilgreining á vatnsvernd og vatnsverndarmörkum

Frá því að Aðalskipulag Kópavogs var staðfest þá hafa verið gerðar breytingar á afmörkun vatnsverndar í tengslum við vinnu við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins. Breyting er á afmörkun vatnsverndar við þéttbýli í Kópavog þar sem vatnsverndarsvæði minnka talsvert og fjarsvæði B við Elliðavatn og Vatnsendahverfi víkur. Grannsvæðismörk færast austar að Hjallamisgengi og afmarkað er öryggissvæði, vegna hættu á mengun grunnvatns frá landnotkun, vestan grannsvæðis. Á því svæði er skilgreint skógræktarsvæði og óbyggð svæði auk landsvæðis þar sem skipulagi er frestað, sunnan Vatnsvíkur.

Í upplandi bæjarins verða einnig breytingar á afmörkun. Grannsvæði stækkar til norðurs og austurs og teygir sig nær Suðurlandsvegi, Bláfjallavegi og að flugvelli við Sandskeið. Vatnsvernd við Lækjarbotna, Geirland og Gunnarshólma breytist úr fjarsvæði B í öryggissvæði. Skíðasvæði í Bláfjöllum og fyrirhugað afþreyingar- og ferðamannasvæði við Þríhnúkagíg verða áfram innan fjarsvæðis. Bláfjallavegur er á grannsvæði að hluta við Sandskeið.



Mynd 4-1. Afmörkun vatnsverndar á Höfuðborgarsvæðinu skv. samþykkt um um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar.

5. Umhverfisáhrif

Aðalskipulagsbreytingin er ekki háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Hins vegar verður gerð grein fyrir helstu umhverfisáhrifum breytingarinnar skv. 12. gr. skipulagslaganna. Gerð verður ítarlegri grein fyrir umhverfisáhrifum við gerð deiliskipulags fyrir svæðið.

Við mat á umhverfisáhrifum breytingar og athugun á samræmi hennar við meginmarkmið aðalskipulagsins, verður einkum horft til eftirfarandi atriða:

1. Áhrif breyttra vatnsverndarmarka á aðliggjandi landnotkun.
2. Samræmi breytingartillögu við meginmarkmið aðalskipulagsins.
3. Samræmi breytingartillögu við stefnu svæðisskipulags um byggðapróun á höfuðborgarsvæðinu.

4. Samráð og kynning

Skipulagslýsing verður send Skipulagsstofnun og öðrum umsagnaraðilum í upphafi verks. Þar með er umsagnar- aðilum gefinn kostur á því að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið við gerð skipulagsins. Skipulagslýsing verður auglýst í blöðum og til sýnis á skipulags- og byggingardeild Kópavogs að Fannborg 6 og heimasíðunni www.kopavogur.is.

Helstu umsagnaraðilar eru:

- Skipulagsstofnun.
- Reykjavíkurborg.
- Garðabær.
- Mosfellsbær.
- Sveitarfélagið Ölfus.
- Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

5. Tímaferill

Eftirfarandi eru drög að tímaferli og er það birt með fyrirvara um hugsanlegar breytingar.

1. Lýsing aðalskipulagsbreytingar afgreidd af skipulagsnefnd og samþykkt í sveitarstjórn. Áætlaður tími: Mars 2016.
2. Lýsing er send til umsagnar Skipulagsstofnunar og annarra umsagnaraðila mars 2016.
3. Lýsing er kynnt almenningi og hagsmunaaðilum. Áætlaður tími: mars 2016.
4. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi. Áætlaður tími: apríl-júní 2016.
5. Tillaga kynnt í skipulags- og byggingarnefnd og sveitarstjórn. Áætlaður tími júní-júlí 2016.
6. Lögformlegt auglýsingaferli og umfjöllun. Áætlaður tími: ágúst-september 2016.

Eftir samþykkt sveitarstjórnar á fullunninni tillögu er hún auglýst í B-deild Stjórnartíðinda til staðfestingar í samræmi við lög.